

Sp. 180. Tillaga til þingsályktunar [105. mál]
um atkvæðagreiðslu af hálfu Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Frá ríkisstjórninni.

Alþingi samþykkir, að utanríkisráðherra gefi sendinefnd Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna fyrirmæli um að sitja hjá við atkvæðagreiðslu á allsherjarþinginu um ályktun gæzluverndarnefndarinnar varðandi það, að Dönum beri ekki lengur að senda skýrslur um Grænland til Sameinuðu þjóðanna.